



Hafnarfirði 5. september 2016.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

## MINNISBLAÐ

**Svar við fyrirspurn á 353. fundi fræðsluráði þann 24. ágúst 2016 um málefni Framsýnar**

Umrætt mál er:

### 1409495 - Grunnskóli, stofnun skóla, nýr skóli, Framsýn

#### Fyrirspurn

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna óska eftir eftirfarandi upplýsingum:

1. Hversu margir nemendur eru skráðir í einkaskóla Framsýnar Skólafélags á þessu skólaári?
2. Hversu margir nemendur koma úr öðrum sveitarfélögum en Hafnarfirði?
3. Hvernig skiptast nemendur eftir árgöngum?
4. Úr hvaða grunnskólum Hafnarfjarðar / skólahverfum koma nemendur skólans?
5. Mun bekkjardeildum fækka í almennum skólum Hafnarfjarðarbæjar skólaárið 2016-2017 sem bein afleiðing af því nemendur hafa flust yfir í hinn nýja skóla?
6. Hvað má gera ráð fyrir miklum kostnaðarauka Hafnarfjarðarbæjar?

Svör við einstaka spurningum:

1. Hversu margir nemendur eru skráðir í einkaskóla Framsýnar Skólafélags á þessu skólaári?  
**Svar: Samkvæmt skráningarkerfi Nú skóla Framsýnar þann 28. ágúst 2016 voru nemendur skólans 34.**
2. Hversu margir nemendur koma úr öðrum sveitarfélögum en Hafnarfirði?  
**Svar: Fimm**
3. Hvernig skiptast nemendur eftir árgöngum?  
**Svar: Tólf í 10. bekk (f. 2001), níu í 9. bekk (f. 2002) og 13 í 8. bekk (f. 2003).**
4. Úr hvaða grunnskólum Hafnarfjarðar / skólahverfum koma nemendur skólans?  
Svar: Sjá töflu hér neðar

	f. 2001	f. 2002	f. 2003	Alls
Áslandsskóli	1	0	1	2
Hraunvallaskóli	0	4	4	8
Hvaleyrarskóli	2	0	1	3
Lækjarskóli	1	3	1	5
Setbergsskóli	4	0	2	6
Víðistaðaskóli	1	1	0	2
Öldutúnsskóli	3	0	0	3
<b>Önnur sveitarfélög</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>4</b>	<b>5</b>
<b>ALLS</b>	<b>12</b>	<b>9</b>	<b>13</b>	<b>34</b>

Athugið að taflan er að hluta til áætlun með fjölda árgangs í skóla sökum búsetuflækju.

5. Mun bekkjardeildum fækka í almennum skólum Hafnarfjarðarbæjar skólaárið 2016-2017 sem bein afleiðing af því nemendur hafa flust yfir í hinn nýja skóla?

**Svar: Úthlutun til grunnskóla Hafnarfjarðar fer fram í apríl á hverju ári vegna næsta skólaárs á eftir. Þegar úthlutun fór fram í vor var ekki ljóst með nemendum í NÚ, þ.e. úr hvaða skóla og árgöngum nemendur þess myndu komu. Engin fækkun til úthlutunar bekkjardeilda grunnskólanna átti sér því stað.**

6. Hvað má gera ráð fyrir miklum kostnaðarauka Hafnarfjarðarbæjar?

**Svar: Miðað við framangreindar forsendur er kostnaður Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna NÚ skólans á fjárhagsárinu 2016 eftirfarandi reikniregla:  $29 \times (1.245.875 \times \text{hækkun ársins 2016}) \times (5/12)$ . Þessi upphæð er áætluð hér án ábyrgðar þar sem Hagstofan hefur ekki gefið upp árgjald ársins 2016 varðandi útgjöld grunnskóla á nemanda: nálægt 16,5 milljónir kr. Í fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2016 er umrætt fjármagn talið vera til staðar sökum þess að minni útgjöld verða til annarra sjálfstæðra grunnskóla, sbr. að miðstig í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði var lagt niður vorið 2016.**

Virðingarfyllst,

  
Vigfús Hallgrímsson, þrounarfulltrúi grunnskóla